

35. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 4. Apríl kl. 11:00 í Bíósal Duushúsa.

Mætt: Árni Sigfússon, Róbert Ragnarsson, Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson, Sigrún Árnadóttir, Guðmundur Pétursson, Berglind Kristinsdóttir, Eggert Sólberg Jónsson, Björk Guðjónsdóttir, Þuríður Aradóttir og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi voru Sævar Magnússon og Kjartan Eiríksson.

Dagskrá:

1. Undirritun fundargerðar frá síðasta fundi
2. Kynning á íbúakorti frá Curron
3. Markaðsstofa Reykjanes – tillögur að upplýsinga- og gestastofum
4. Atvinnuleysistöflur
5. Önnur mál

1. Mál Undirritun fundargerðar frá síðasta fundi.

Fundargerðin samþykkt.

2. Mál Kynning á íbúakorti frá Curron

Fulltrúar frá Curron kynntu notkun á íbúakorti. Samþykkt að skoða möguleika á ferðamannakorti og íbúakorti fyrir Reykjanesið. Farið verður í að greina möguleika á samstarfi sveitarfélaga.

3. Mál Markaðsstofa Reykjanes – tillögur að upplýsinga- og gestastofum

Þuríður kynnti tillögur að fyrirkomulagi á upplýsinga- og gestastofum í samstarfi við Reykjanes jarðvang. Tillögurnar samþykktar og markaðsstofunni falin umsjón með undirbúningsvinnu.

4. Mál Atvinnuleysistöflur

Heildarfjöldi atvinnuleitanda á Suðurnesjum 31. mars 2014 var 848 en var 835 í febrúar sl. og fjölgaði því um 13 einstaklinga. Reykjanesbær 578, Sandgerði 97, Garður 49, Vogar 41, Grindavík 61.

5. Önnur mál

- Guðmundur sagði frá heimsókn í tengslum við norðurslóðaverkefni í júní og óskaði eftir samstarfi Heklunnar og SAR við undirbúning hennar.
- Farið var í skoðunarferð um Bryggjuhúsið í Duus.

Fleira ekki gert og fundi slitið.